

Fundagerð fjallskiladeildar Hvammssveitar

Fundur í fjallskiladeild Hvammssveitar haldinn að Magnússkógum 3, 16. ágúst kl 20:00. Mættir voru Anna Berglind Halldórsdóttir formaður, Halldór Gunnarsson og Jón Egill Jóhannsson.

1. Tvö erindi um álagningu fjallskila á fé sem gengur í lokuðum heimahögum og óskir um að færa niður fjárfjölda í samræmi við það. Nefndin leggur til að málið verði áfram skoðað samhliða vinnu við endurskoðun fjallskilareglugerðar Dalabyggðar en niðurstaða nefndarinnar var að allt fé er fjallskilt hvort sem það gengur í heimalandi eða ekki og er það í samræmi við verklag annarra fjallskiladeilda í Dalabyggð.

2. Álagning fjallskila, fjárfjöldi ársins 2023 er 2196 stk, sem er fækkun um 36 stk frá fyrra ári. Ákveðið að bæta landi Hofakurs frá Ingjaldsgili að Krossgili inn í leitarsvæði „brúnir Skeggjadalur vestanverðu“ og bæta við 2 dagsverkum í fyrri leit og 1 dagsverki í seinni leit og eru dagsverkin nú alls 100. Að loknum leitum í haust verður svo staðan tekin og metin hvernig til hefur tekist.

3. Viðhald réttar. Endurnýja þarf einhver fúin borð í réttinni. Mála þarf steypuveggina í réttinni, múrviðgerðin sem gerð var fyrir 5. árum er farin að skemmast. Það þarf einnig að endurnýja aðhaldsgrindur og búa til eitthvað af styttri grindum til að auðvelda að setja fé á kerrur og bíla.

Fundagerð ritaði: Jón Egill Jóhannsson.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl: 22:00.

Fjallskilanefnd Hvammssveitar

Anna Berglind Halldórsdóttir

Halldór Gunnarsson

Jón Egill Jóhannsson